

Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa að Kiðjabergi

Fundur stjórnar 31. janúar 2023 kl. 20:00 haldinn í Kópavogsgarði.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Bjarni Sigurðsson og Bergur Sandholt. Snjólfur og Kristín Eysteinsdóttir, sem ekki gat mætt, munu ræða fjármál félagsins 1.2.23.

1. Rædd var nánari útfærsla á leiksvæði. Snjólfur hefur rætt við Hrafn hjá Krumma (krumma.is). Stjórnin leggur áherslu á að vandað verði til verka þannig að svæðið sem slíkt nýtist sem best og muni þarfnast sem minnst viðhalds á komandi árum. Krumma hefur áralanga reynslu af uppsetningu tækja og svæða af þessari gerð, svo Snjólfur leggur til að Krumma taki verkefnið að sér að mestu leyti. Undirvinna/jarðvegsskipti og slíkt yrði væntanlega unnið af verktaka á svæðinu. Miðað er við að taka málið fyrir á næsta aðalfundi og leggja þá fram kostnaðaráætlun. Leiksvæðið yrði svo gert tilbúið í vor, að því gefnu að það verði samþykkt.
2. Staðan á stígagerð milli lóða 60/61 og 67/66 er óbreytt en Baldur mun fara í það verk þegar vorar.
3. Snjólfur leggur til óbreytt félagsgjöld og var það samþykkt af stjórn.
4. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:15.

Bjarni Sigurðsson ritari